

Ákvæði til bráðabirgða.

Meðan ekki eru starfandi landssamtök skal tilnefningu skv. 3. mgr. 2. gr. hagað þannig að samtök foreldrafélaga í hverju fræðsluumdæmi skiptast á um að tilnefna einn áheyrnarfulltrúa til eins árs í senn. Ef ekki eru starfandi foreldrasamtök í fræðsluumdæmi skulu fræðsluráðin hafa tilnefningarréttinn.

Gjört í Reykjavík, 8. maí 1990.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Svavar Gestsson.

LÖG

um breytingu á lögum nr. 94/1980, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fullgilda fyrir Íslands hönd samning milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um gagnkvæma aðstoð í tollamálum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætist ný mgr. svohljóðandi:

Ríkisstjórninni er enn fremur heimilt að staðfesta breytingu á samningnum sem gerð var með samningi 3. ágúst 1989.

2. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Ákvæði samningsins með áorðnum breytingum skulu hafa lagagildi hér á landi.

3. gr.

14. gr. í fylgiskjali með lögunum orðist svo:

Samningur þessi gildir ekki á Grænlandi að því er Danmörku varðar, né á Svalbarða, Jan Mayen eða á norskum landsvæðum utan Evrópu að því er Noreg varðar.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 20. apríl 1990.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jón Baldvin Hannibalsson.